

Akraneskaupsstaður
Steinar Adolfsson.
Stillholti 16 - 18
300 Akranes

Hvalfjarðarsveit 31. október 2016

Lokafrágangur á keppnisvelli Dreyra á Æðarodda.

Hestamannafélagið Dreyri óskar eftir því að Akraneskaupsstaður styrki félagið vegna útlagðs kostnaðar við lokafrágang/viðgerð á keppnisvelli (íþróttamannvirki) félagsins á Æðarodda.

Forsaga þessa máls er sú að árunum 2012/2013 var ákveðið að breyta keppnisvellingum á Æðarodda vegna þess að hann var ólöglegur keppnisvöllur, vegna lögunar hans og stærðar. Það bætti heldur ekki úr skák að völlurinn var erfiður yfirferðar í blautu veðri.

Eitthvað tafðist að fara í framkvæmdirnar sjálfar m.a vegna hönnunarmála og ákvörðunar um staðsetningu, legu og fleira. Þegar framkvæmdir hófust loks höfðu tilboð frá verktaka hækkað þar sem langur tími hafði liðið frá því að tilboð voru gerð. Það spilaði líka inn í þetta mál að samþykktur fjárstyrkur vegna framkvæmdarinnar (ónotaður styrkur) frá Akraneskaupsstað fluttist ekki milli fjárhagsára sem olli því að greiðsla til verktaka varð enn hærri vegna vaxta en upphaflega var gert ráð fyrir, þar sem það tafðist að borga honum (ekki til peningur hjá félaginu).

Vorið 2015 var talið að framkvæmdum við völlinn væri lokið með því að setja síðasta lag yfirborðsefnis á völlinn. Vegna sparnaðarsjónarmiða (þar sem ljóst var að framkvæmdin var orðin dýrari en upphaflega var gert ráð fyrir) var valið ódýrara efni í yfirborðslagið.

Í ágúst 2015 var haldið árlegt hestaíþróttamót (Norðurálsmótið) á “nýuppgerðum” vellingum. Niðurstaðan af því mótahaldi var sú að völlurinn var ekki boðlegur í mótahald þar sem hann óðst upp í leirbleytu og hestar og knapar voru grálituð af leirdrullu upp á síður. Þar að auki voru beygjur vallarins ekki rétt sniðnar og völlur ósléttur að hluta. Keppendur og aðstandendur mótsins voru því eðlilega óánægðir með vallaraðstæður eftir þetta mót.

Stjórn Dreyra hafði áhyggjur af stöðu vallarmála en var bent á það af reiðvallarverktökum að mögulega myndi völlurinn “taka sig” um veturinn framundan og verða nothæfur að vori. Svo varð ekki. Völlurinn var blautur og illfær í bleytutíð og grjótharður í þurrkum. Þar að auki var völlurinn “bylgjóttur” og ósléttur á köflum en það er afar óheppilegt og í raun hættulegt þegar knapar setja keppnishross sín á mikla ferð í slíkum aðstæðum því líkur eru á að hestar “stígi á sig”, meiðist, detti og knapinn þar með farinn af.

Í júlí s.l. var ljóst að taka þurfti ákvörðun um hvort að fara ætti aftur í lagfæringar og í raun og veru klára völlinn með almennilegu efni, eða að láta völlinn eiga sig og sleppa mótahaldi alveg um óákveðna framtíð.

Stjórn Dreyra tók því ákvörðun um að fara aftur í endurbætur/lokafrágang við völlinn því annars væri útilokað m.a að halda okkar árlega hestaíþróttamót sem hefur hingað til verið tekjuöflun fyrir félagið. Þetta er opið mót og höfum við fengið marga keppendur úr öðrum félögum af Suður- og Vesturlandi þó heldur hafi þeim fækkað á síðustu árum vegna vallaraðstæðna.

Framkvæmdir hófust því að nýju í byrjun ágúst s.l. og efsta lag vallarins var fjarlæggt og nýtt brotið efni sett í staðinn, völlurinn sniðinn upp á nýtt og upphitunarvöllur lagaður í leiðinni. Hægt er að lesa nánar um þessar framkvæmdir í frétt á vef Skessuhorns frá 15. ágúst s.l.

Norðurálsmótið var síðan haldið á vellinum um miðjan ágúst s.l og í stuttu máli sagt þá kom völlurinn frábærlega út. Keppendur og aðstandendur mjög ánægðir og því fleygt fram af margreyndu keppnisfólki á landsvísu að Æðaroddavöllurinn væri með betri völlum á landinu.

Hestamannafélagið Dreyri greiddi 4 verktökum fyrir vinnu við völlinn og er hæsta fjárhæðin vegna flutnings á malarefni. Dreyrafélagar unnu líka við þessa framkvæmd tugi klukkustunda í sjálfboðavinnu og komu sumir með eigin tæki á staðinn vegna vinnunnar.

Búið er að greiða eftirtöldum verktökum:

Tak-Malbik ehf – 526.122 kr

Gröfubjónustan ehf – 280. 300

H. Samúelsson sf (sérhæfð jarðýtuvinna) – 101.680

Ógreitt er í dag þann 28. okt'16:

Íslandsgámar Vörubílar og vinnuvélar – 90.000

En er ógreiddur kostnaður vegna olíu á vélar sem eru í eigu Dreyrafélaga sem unnu við vallarframkvæmdir.

Samtals kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu sérfræðinga á þessu sviði, malarefnis og flutningi á því orðinn 998.102 krónur.

Dreyri sótti um styrk í íþróttasjóð Mennta- og Menningarmálaráðuneytis nú í haust vegna vallarframkvæmda. Sótt var um 400 þúsund krónur. (styrkupphæð ákveðin út frá fyrri úthlutunum sjóðsins vegna svipaðra verkefna hjá öðrum íþróttafélögum). Í umsókninni var gert ráð fyrir að heildarkostnaður verksins yrði 1.1 milljón og að 700 þúsund krónur kæmu frá Akraneskaupsstað.

Þegar þetta er skrifað **er ekki ljóst** hvort að Dreyri fær styrk úr íþróttasjóði.

Að þessu sögðu óskar stjórn hestamannafélagsins Dreyra eftir að Akraneskaupsstaður styrki félagið (nokkrir möguleikar í stöðunni) :

-um 500 þúsund krónur ef styrkur kemur frá íþróttasjóði upp á 400 þúsund kr.

-ef styrkupphæð íþróttasjóðs verður lægri en 400 þúsund er óskað eftir að styrkur frá Akranesi verði 90% af upphæðinni sem eftir stendur og miðað við að heildarkostnaður fyrir þetta verkefni sé 1 milljón kr.

- ef enginn styrkur kemur úr íþróttasjóði greiði Akraneskaupsstaður 90% af útlögðum kostnaði vegna verksins (= 900 þúsund krónur)

Hvalfjarðarsveit verður sömuleiðis sent erindi með beiðni um fjárstyrk um 10 % af útlögðum kostnaði vegna vallarframkvæmda. (100 þúsund krónur ef enginn styrkur kemur úr íþróttasjóði)

Að lokum vill stjórn Dreyra minna á að keppnisvöllur hestaíþróttar er íþróttamannvirki líkt og t.d knattspyrnuvöllur og sundlaug Akraneskaupsstaðar.

Virðingarfyllt

fyrir hönd stjórnar Hestamannafélagsins Dreyra.

Ása Hólmarsdóttir